

Nr. 79.
22.
nóvbr.

Lög

um

veitingar áfengra drykkja á skipum á Íslandi.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á skipum, er koma hjer við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, mega veitingar áfengra drykkja fyrir borgun ekki eiga sjer stað meðan skipið liggur í höfn. Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtiskipa, eða annara ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skyni að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2. gr.

Brot gegn 1. grein varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfengir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Bryti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna, nema það sannist, að hann hafi bannað þær eða á annan hátt reynt að afstýra þeim.

Sektir og andvirði áfengra drykkja, sem upptækir eru gjörðir, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Udskænkning af spirituøse Drikke ombord i Skibe i Island.

Nr. 79.
22.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ombord i Skibe, som ankomme her til Landet eller besejle Landets Kyster eller Fjorde, maa der ingen Udskænkning af spirituøse Drikke mod Betaling finde Sted, saa længe Skibet ligger i Havn. Bestemmelsen i denne Paragraf gælder dog ikke for udenlandske Lystfartøjer eller andre Passagerskibe, som ankomme hertil Landet alene i den Hensigt at føre fremmede rejsende hertil.

§ 2.

Overtrædelse af § 1 straffes med Bøder fra 50—500 Kr. I Gentagelsestilfælde blive alle spirituøse Drikkevarer, som forefindes hos den skyldige, at konfiskere.

Skibets Restauratør bærer Ansvar for sine Opvarteres Udskænkning, medmindre det bevises, at han har forbudt den, eller paa anden Maade bestræbt sig for at forebygge den.

Bøder og de for konfiskerede Drikkevarer indkomne Beløb tilfalde Kommunekassen i den Rep eller Købstad hvor Overtrædelsen er begaaet.

§ 3.

Sager angaaende Overtrædelser af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.